

Ár 2015, þriðjudaginn 29. september er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnunum Gunnari Guðmundssyni, Halldóri Frímannssyni og Sigurði I. Halldórssyni

Fyrir er tekið málið nr. 5/ 2015

Knattspyrnudeild Selfoss

gegn

Knattspyrnudeild Fylkis

Gögn málsins merkt nr. 1-3 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi: Knattspyrnudeild Selfoss
v. Selfoss/Hamar/Ægir
Kennitala: 690390-2569
Engjaverkur 50, 800 Sauðárkróki

Kærði: Knattspyrnudeild Fylkis
Fylkisvegi 6, Reykjavík

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ innan kærufrests. Dómari gaf hinu kærða félagi kost á að gera athugasemdir við kæruna. Svar barst með tölvupósti þann 15.september s.l. á þá leið að kærði mun ekki aðhafast frekar og viðurkennir mistök í málinu.

II.

Kröfur:

Kærandi krefst þess að leikur í Íslandsmóti 2 fl kvenna A - riðill Fylkir –Selfoss sem fram fór þann 4 sept s.l. kl 18:00 verði dæmdur Fylki tapaður með markatölunni 0-3 .

Málavextir

Kærandi lýsir málavöxtum á eftirfarandi hátt:

„Í umræddum leik var í byrjunarliði Fylkis leikmaður Andrea Katrín Ólafsdóttir no7 fædd 1994 og spilaði hún allan leikinn, en var líka leikmaður í Pepsídeild kvenna í leik á undan og kom þar inn sem varamaður á 64 mín og tók þar með þátt í þeim leik.“ Telur því kærandi miðað við orðalag 33 greinar í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót að þetta sé ekki löglegt.“

Vísun í lög og reglugerðir

Kærandi telur hér um brot á grein 33. grein reglugerðar KSÍ og grein 40.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

III

Niðurstaða:

Eins og fram hefur komið hefur hið kærða félag viðurkennt mistök sín og ákveðið af þeim sökum að halda ekki uppi vörnum í málínú.

Ber því að taka kröfu kæranda til greina, enda er hér um að ræða brot á grein 33. grein og grein 40.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Úrslitum framangreinds leiks sem fram fór þann 4.september s.l. er breytt þannig að kæranda Selfoss/Hamri/Ægi verður dæmdur 3-0 sigur vegna hins áður nafngreinda ólöglega leikmanns í liði Fylkis.

Ekki verður hjá því komist að sekta hið kærða félag um kr. 15.000.- vegna framangreinds brots.

Úrskurðarorð:

Leikur Selfoss/Hamri/Ægi gegn Fylki í 2.flokki kvenna A riðli sem fram fór þann 4.september. s.l. skal dæmdur tapaður fyrir Fylki með markatölunni 0-3.

Knattspyrnudeild Fylkis ber að greiða kr 15.000.- í sekt til KSÍ.

Gunnar Guðmundsson (sign.)

Helgi R. Magnússon (sign.)

Sigurður I Halldórsson (sign.)

Um áfrýjun:

Frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ skal vera 5 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagará ekki taldir með.